

Alex og Rex






1 2 3 4 5

Þessi bók er í 1. flokki samkvæmt
þyngdarflokkun Menntamálastofnunar,
sjá *Listi yfir lestrarbækur* á vefsíðu.



Alex og Einar eru vinir.
Þeir leika sér mikið saman.
Alex á sætan og feitan 
sem heitir Rex.

Alex og Einar eru einir heima.
Þeir fá sér kökur og kex.
Alex á að passa Rex.

– Má Rex fá kex? sagði Einar.
– Nei, það má ekki gefa honum
neitt. Pabbi gefur honum mat
úr poka eða dós.

– Komum út með Rex, sagði Alex.
Hann fer að rexa og pexa
ef hann fær ekki að fara út að leika.

Eydís og Pálína voru að leika sér
í parís fyrir utan.

– Má ég passa Rex? bað Pálína.

– Bara pínulítið? bað Eydís.

– Já, sagði Alex, ef þið passið
hann vel. Ekki leyfa honum
að éta neitt.





Eydís og Pálína fóru
að rexa og pexa.

- Ég má teyma Rex, sagði Eydís.
- Nei, ég má það, sagði Pálína reið.
- Ég ræð, sagði Eydís, ég er sex ára,
en þú bara fimm.

Pálína fór að væla og var leið.

- Fýlupúki, sagði Eydís við Pálínu.
- Á meðan Eydís og Pálína voru
að deila fór Rex að þefa
og leita að Alex.



Rex sá leifar af kexi í boxi á götunni.
Hann fór að háma í sig kexið.
Eydís leit út á götu og sá
að Rex var þar að éta kex úr boxi.

– Hann má ekki éta neitt. Það getur
verið eitur fyrir hann, sagði hún.
Þær þutu út á götu og náðu í Rex
sem var búinn með kexið í boxinu.

Alex og Einar voru á leið til þeirra og sáu Rex með boxið.

Alex rak upp óp og var reiður.

Pálína togaði og togaði í Rex

en Eydís tók boxið af honum.

– Gátuð þið ekki passað

hann betur? sagði Alex

og tók í tauminn.





– Ég fer heim með Rex,
sagði Alex og var dapur.

– Pabbi, pabbi! Rex er veikur.
Hann át leifar úr boxi sem
hann fann, sagði Alex leiður.

– Æ, það var leitt, sagði pabbi.
Nú keyrum við í Dýraheim
og látum líta á hann þar.



Pabbi fór inn að láta líta á Rex en Alex beið með Einari.

- Ef Rex deyr þá er það mér að kenna, sagði Alex dapur.
- Hann deyr ekki, sagði Einar.
- Ég átti ekki að leyfa Eydísi og Pálínu að passa hann, tautaði Alex leiður.
- Nú kemur pabbi þinn, sagði Einar.
- Já, og hann er með Rex, sagði Alex kátur.

- Er Rex mikið veikur? sagði Eydís.
- Nei, honum líður vel, sagði pabbi.

Eydís var búin að vera döpur en leið nú mun betur að heyra að Rex væri ekki veikur.

Alex og Einar voru líka kátir en lofuðu að passa Rex betur.



Notkun

Áður en barnið les textann

Æskilegt er að barnið sé hvatt til að skoða myndirnar vel og velta fyrir sér sögunni út frá þeim. Þetta ættu kennari/foreldri og barn helst að gera saman. Neðst á blaðsíðunum eru spurningar sem styðjast má við.

Miðað er við að barnið hafi ekki lært alla bókstafina og er textinn því afar einfaldur en myndunum er ætlað að dýpka hann og gæða söguna lífi. Þá gefst einnig tækifæri til að kynna orð sem verða á vegi barnsins og auðvelda því lesturinn.

Á meðan lesið er

Ef barnið er mjög hæglæst getur verið hvetjandi fyrir það að fullorðinn hefji lesturinn og lesi t.d. fyrstu blaðsíðuna, jafnvel aðra hverja blaðsíðu eða aðra hverja línu til að barnið gefist ekki upp og njóti þess að ljúka við að lesa bók.

Eftir lestur textans

Mikilvægt er að ræða betur það sem kom fram, spyrja spurninga úr textanum og ganga úr skugga um lesskilning. Þá getur verið skemmtilegt að fara í orðaleiki, finna tiltekin orð í bókinni, telja hvað þau koma oft fyrir, finna orð sem ríma, falleg orð, skráttin orð, orð sem merkja það sama o.s.frv.

Alex og Rex

Lestrarbók 14a

ISBN 978-9979-0-2289-3

© Arnheiður Borg og Sigrún Löve
© teikningar Bergrún Íris Sævarsdóttir
Ritstjórn: Elín Lilja Jónasdóttir

1. útgáfa 2018
Menntamálastofnun
Kópavogi

Umbrot: Menntamálastofnun
Prentun: Ísafoldarprentsmiðja ehf. – umhverfisvottuð prentsmiðja



Listin að lesa og skrifa



Lestrarkennsluefnið *Listin að lesa og skrifa* er fyrir byrjendur í lestri og byggist fyrst og fremst á hljóðaaðferð. Efnið skiptist í fjórar vinnubækur, litlar lestrarbækur, örbækur, lestrarspil, kennsluleiðbeiningar og verkefni á vef.

Í þessari bók eru bókstafirnir ei, ey, p og x sérstaklega æfðir.

Höfundar eru Arnheiður Borg og Sigrún Löve.
Teikningar gerði Bergún Íris Sævarsdóttir.

